



Sjúkrahúspósturinn

Fréttabréf SAK



DESEMBER 2025
5.TBL



Jólakveðja frá forstjóra



Hildigunnur Svavarsdóttir
Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri

Aðventan er gengin í garð og minnir okkur á gildi sem skipta máli – hlýju, samkennd, nærveru og umhyggju fyrir öðrum. Þessi gildi eru ekki aðeins hluti af jólunum heldur líka hjartað í heilbrigðisþjónustu.

Þó að jólin séu hátíð ljóss og friðar, þá vitum við að hér á sjúkrahúsinu hefur þessi árstími sérstakan blæ. Þjónusta sjúkrahússins heldur áfram, óháð árstímum. Hér eru sjúklingar og aðstandendur þeirra sem þurfa umönnun, fjölskyldur sem stundum bíða í óvissu og starfsfólk sem sinnir störfum sínum af alúð.

Starf heilbrigðisstarfsfólks er ákaflega dýrmætt og líklega er það aldrei jafn skýrt og um hátíðarnar. Starfsfólk mætir, sama hverju á dynur, og sinnir fólki sem þarf á þeirra þjónustu að halda - líka þegar klukkan slær sex á aðfangadagskvöldi. Fyrir það ber að þakka, en ekki síður ber að þakka fjölskyldum heilbrigðisstarfsfólks, sem styður við bakið á þeim sem eru í framlínunni yfir hátíðirnar. Slíkur stuðningur er ómetanlegur.

Á sama tíma vil ég hvetja ykkur til að muna eftir sjálfum ykkur. Álagið er verulegt og ábyrgðin mikil, en hugrekki getur líka falist í því að gefa sér tíma til hvíldar og samveru með sínum nánustu. Vellíðan ykkar er grunnforsenda þess að við getum sinnt okkar mikilvæga hlutverki.

Megið þið njóta jólanna, hvort sem er á vakt með góðum samstarfsfélögum, eða í kyrrð og ró með ykkar kærasta fólki eftir annasamt ár.

Með hlýjum óskum um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK

Sendinefnd í Skandinavíu: „Mun meiri áhugi á SAK og Akureyri en ég hafði búist við“

Tíu manna sendinefnd íslenskra heilbrigðisyfirvalda hefur ferðast um Skandinavíu með það að markmiði að laða íslenska lækna aftur heim. Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga, var fulltrúi SAK í ferðinni.



Sendinefndin með sendiherra Íslands í Stokkhólmi. Mynd: aðsend ruv.is

Talið er að um 800 íslenskir læknar starfi á erlendri grundu, flestir í Svíþjóð, en lítill hluti þeirra starfar utan Norðurlanda. Sendinefndin hélt kynningar á nýjum kjarasamningum í fjórum borgum í Svíþjóð og Danmörku. „Við hittum tæplega 100 lækna sem hafa ýmist lokið sérnámi eða eru í sérnámi“ segir Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga á SAK, og bætir við: „Greinilegt er að meirihluti lækna sem mættu stefnir á að snúa aftur heim á næstu árum. Mun meiri áhugi var á SAK og Akureyri en ég hefði búist við. Ég tel að við eigum eftir að ná að fjölga sérfræðilæknum og sérgreinum á næstu árum og byggja þannig upp enn öflugri þjónustu.“ segir Ragnheiður.

Vel heppnaður hádegisfundur

Þann 19. nóvember sl. fór fram vel heppnaður hádegisfundur um nýbyggingu SAK. Var fundurinn vel sóttur, en um 120 manns sátu fundinn ýmist í Hofi eða á streymi.



Hús fyrir mannlega, faglega og aðgengilega þjónustu

Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri SAK sagði á fundinum að ljóst væri að með nýbyggingunni væri verið að styrkja innviði, bæta aðstöðu fyrir starfsfólk og sjúklinga, tryggja betur öryggi og fagmennsku fyrir þá skjólstæðinga sem leita til SAK. Þá sagði forstjóri „Það er ekki aðeins mikilvægt að byggja hús. Heldur þurfum við að byggja hús fyrir þá þjónustu sem við viljum hafa, sem er mannleg, fagleg og aðgengileg fyrir alla þá sem þurfa á okkar þjónustu á halda. Við höfum þá framtíðarsýn að vera leiðandi í heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi, með nýsköpun og gæði í fyrirrúmi. Við viljum skapa umhverfi sem styður bæði sjúklinga og starfsfólk, með nútímalegum lausnum, öryggi og sjálfbærni í huga.“ Þá bætti forstjóri við að mikilvægt sé að huga einnig að viðhaldi eldra húsnæðis sem áfram þurfi að nýta, byggja þurfi upp dag- og göngudeildir fáist til þess fjármagn og benti hún á að elsta byggingin sem sé í notkun og verði áfram í notkun sé um 72 ára gömul.

Gríðarlega mikil og jákvæð breyting fyrir sjúklinga og starfsfólk

Á fundinum fór Gunnar Línal, verkefnastjóri á sviði rekstrar og klínískrar stoðþjónustu yfir stöðu verkefnisins og áætlanir. Þá fjölluðu þær Sólveig Hulda Valgeirsdóttir, deildarstjóri lyflækningadeildar og Bryndís María Davíðsdóttir, deildarstjóri skurðlækningadeildar um væntanleg áhrif nýbyggingar fyrir sjúklinga og starfsfólk.

Þá fóru þær Ragnheiður Reykjalin Magnúsdóttir, deildarstjóri dag- og göngudeildar geðdeildar og Valborg Lúðvíksdóttir, aðstoðardeildarstjóri legudeildar geðdeildar yfir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsfólk geðþjónustu SAK.

Þá ræddi Björn Gunnarsson, sérfræðingur á gæðadeild, um sjúkraflug, en hann hefur verið lækni í sjúkraflugi um langt skeið. Hann hefur þar að auki gert rannsóknir í tengslum við sjúkraflug sem hann sagði frá á fundinum. Hann sagði að sjúkraflug sé gríðarlega mikilvægt fyrir fólk sem býr á upptökusvæði sjúkraflugs frá Akureyri. Enn fremur sagði Björn „Ef að fjárfesta á í nýrri bækistöð fyrir þyrlu, þá er langskynsamlegast að það verði á Akureyri. Það hefur mest áhrif og er flestum til góðs, myndi styrkja þetta svæði og styrkja þetta sjúkrahús gríðarlega mikið.“

Í lok fundar gafst tækifæri til spurninga og umræðna og þar var ýmislegt sem bar á góma s.s. lendingarsvæði þyrlu, aðkoma sjúkrahíla, móttaka sjúklinga, bílastæði og bílastæðakjallari, sólarsellur, rekstrarkostnaður nýbyggingar, aðkoma að Lystigarði og fjármögnun verkefnisins svo dæmi séu tekin.

Hér má sjá upptöku frá fundinum: [Nýbygging SAK - fyrir okkur öll](#)

Nýtt krabbameinsráð

| Krabbameinsráð sett á fót



| Alma D. Möller heilbrigðisráðherra

Alma D. Möller heilbrigðisráðherra hefur sett á fót krabbameinsráð sem gegna mun hlutverki samráðsvettvangs um framkvæmd krabbameinsáætlunar. Skipun ráðsins er liður í aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum sem samþykkt var á Alþingi í júní síðastliðnum.

Í áætluninni eru tilgreindar 16 aðgerðir stjórnvalda til að mæta aukinni tíðni krabbameina á næstu árum og áratugum, ásamt því að viðhalda gæðum og árangri þjónustunnar og tryggja aðgengi að henni. Hlutverk krabbameinsráðs felst í því að hafa yfirsýn yfir árangur af aðgerðum krabbameinsáætlunar og vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar. Einnig að gera tillögur að verkaskiptingu þeirra sem veita krabbameinsþjónustu á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar út frá greiningu á fyrirkomulagi þjónustunnar eins og hún er nú. Enn fremur að benda á tækifæri til samvinnu og umbóta, fylgjast með framþróun innan málaflokksins og koma með tillögur að breytingum þar að lútandi.



Friðbjörn R. Sigurðsson, fulltrúi SAK í krabbameinsráði

Krabbameinsráð er svo skipað: Formaður ráðsins er Halla Þorvaldsdóttir, skipuð af ráðherra án tilnefningar. Aðrir sem þar eiga sæti eru Agnes Smáradóttir, tilnefnd af Landspítala, Friðbjörn R. Sigurðsson, tilnefndur af Sjúkrahúsinu á Akureyri, Helgi Hafsteinn Helgason, tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Suðurlands, María Heimisdóttir, tilnefnd af embætti landlæknis, og Sólveig Ása Tryggvadóttir, tilnefnd af Krafti.

Sjá nánar hér: [Krabbameinsráð sett á fót](#)

Mynd: akureyri.net

Sjá nánar hér: [Krabbameinsráð sett á fót](#)

Erindi á stærstu hjartaráðstefnu heims



Árþing evrópsku hjartalæknasamtakanna (European Society of Cardiology – ESC Congress) fór fram í Madrid dagana 29. ágúst til 1. september 2025.

Ráðstefnan er stærsta samkoma hjartalækna í heiminum og sóttu hana að þessu sinni rúmlega 33.000 þátttakendur. Tvö erindi frá Gunnari Þór Gunnarssyni hjartalækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri og samstarfsfólki voru flutt á ráðstefnunni.

Oddný Brattberg Gunnarsdóttir, sérnámslæknir í lyflækningum, flutti erindið „The Icelandic hypertrophic cardiomyopathy project: a recall-by-genotype study on MYBPC3 founder mutation carriers. Echocardiographic data and B-type natriuretic peptide measurement“. Erindið er hluti af doktorsverkefni hennar sem snýr að rannsóknum á ofvaxtarhjärtavöðvakvilla (OHK) á Íslandi, þar sem arfberar stökkbreytingar sem valda sjúkdómnum eru sérstaklega skaðaðar. Rannsóknin er doktorsverkefni Oddnýjar við HÍ sem leitt er af Berglind Aðalsteinsdóttur á Landspítala í samstarfi við Gunnar Þór á SAK, Davíð O. Arnar Landspítala í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Rannsóknarverkefnið er framhald doktorsverkefnis Berglindar sem Gunnar Þór stýrði á sínum tíma. Erindið var flutt á málstofunni „Advancing care in hypertrophic cardiomyopathy“ sem stýrt var af tveimur af fremstu sérfræðingum heims á þessu sviði, þeim Caroline Coats frá Glasgow og Michelle Michels frá Rotterdam.

Oddný flutti einnig erindið „The white heart – myocardial calcification after soft tissue infection with streptococcus pyogenes and multi-organ failure. As seen by four different cardiac imaging modalities“. Meðhöfundar erindisins auk Gunnars Þórs og Oddnýjar voru Björn Flygenring og Ævar Örn Úlfarsson hjartalæknir á LSH. Þar var sagt frá afar sjaldgæfu tilfelli á SAK þar sem kölkun í hjartavöðva greindist eftir alvarlega streptókokkasýkingu og fjöllíffærabílun. Einungis örfáum slíkum tilfellum hefur verið lýst. Erindið var hluti af málstofunni „Challenges in heart failure: multimodality imaging“.

Auk framlagsins á ráðstefnunni nýttu læknarnir tækifærið til að funda með samstarfsfólki og meðrannsakendum, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, og afla sér nýrrar þekkingar og tengsla á sínu sérsviði.

Nýir stjórnendur og sérfræðingar



Innkirtlalæknir

Guðni mun starfa á göngudeild efnaskipta- og innkirtlalækninga tvo daga aðra hvora viku en sinnir einnig fjarþjónustu sem og ráðgjöf til lækna á SAK og HSN. Innkirtlateymi SAK hefur starfað án viðveru innkirtlalæknis nú um nokkurt skeið og því ánægjulegt að geta boðið aftur upp á þá þjónustu.



Gigtarlæknir

Ólafur mun koma að jafnaði einn dag í mánuði og sinnir göngudeild einstaklinga með gigtarsjúkdóma. Eins og staðan er nú mun hann eingöngu sinna þeim sem hafa verið í eftirfylgd hjá gigtarlækni og tekur ekki við nýjum tilvísunum að svo stöddu.



Yfirnæringarfræðingur

Sara Mist Gautadóttir klínískur næringarfræðingur hefur verið ráðin í starf yfirnæringarfræðings á SAK. Staðan var auglýst til umsóknar í september sl. Sara Mist lauk meistaranámi í klínískri næringarfræði frá Háskóla Íslands árið 2024. Hún er starfsfólki og sjúklingum SAK ekki ókunn, þar sem hún hefur starfað hér bæði sem meistaranemi í klínískri næringarfræði og síðar í tímabundnu starfi.

Frá mannauðsdeild

Við hlúum að starfsfólki og starfseminni

Áskoranir á SAK eru margþættar, og við leggjum áherslu á að styðja bæði við starfsfólkið okkar og starfsemina. Unnið er að fjölmörgum verkefnum sem miða að því að gera SAK að eftirsóknarverðum vinnustað. Til að greina og styðja við mannauðinn nýtum við margvíslegar lausnir, m.a mannauðsmælingar Moodup, Velferðartorg, heilsustyrk, innleiðingu samskiptasáttmála sem hefst í janúar, samtöl við mannauðsteymi og stuðningsteymi, ásamt þjónustu sjúkrahúsprests.

Í aðventunni mun sr. Svavar, sjúkrahúsprestur, bjóða starfsfólki upp á kyrrðar- og bænastund í kapellunni alla þriðjudaga. Við vonum að sem flestir hafi tækifæri til að nýta sér þessa stund til friðar og endurnæringar.



Saman sköpum við öruggt og uppbyggilegt vinnuumhverfi þar sem samskipti byggjast á virðingu, fagmennsku og samvinnu.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að samskiptasáttmála SAK. Vinnan við gerð sáttmálans var sameiginleg vegferð starfsfólks og allir höfðu tækifæri til þátttöku í mótun hans. Sáttmálinn er myndaður með orðum starfsfólks, sem gerir hann einstakan og setur skýran ramma og leikreglur um samskipti. Hann er lifandi plagg sem við viljum fylgja og flagga, og því er lykilatriði að við tileinkum okkur innihald hans.

Gangverk SAK er margþætt og allt starfsfólk gegnir sínu mikilvæga hlutverki í því, og brýnt að við sameinumst um að fylgja þeim ramma sem sáttmálinn gefur okkur. Þegar kemur að samskiptum berum við öll ábyrgð á:

- hvernig við hegðum okkur
- hvernig við komum fram við hvert annað
- hvernig við leysum verkefni okkar


Innleiðing samskiptasáttmálans fer á fulla ferð á nýju ári undir stjórn mannauðsdeildar, og Helga Kristín, mannauðsráðgjafi, leiðir verkefnið. Samskipti eru grundvallarþáttur í starfi okkar og því er lykilatriði að við tileinkum okkur sáttmálann - við öll erum aðalpersónurnar í gagnverki SAK.



Kristjana Kristjánsdóttir
Deildarstjóri mannauðsdeildar



Þriðja mannauðsmæling Mood-up fór fram í nóvember og við þökkum öllum þeim 412 starfsmönnum sem tóku þátt. Svarhlutfallið var 47% og niðurstöðurnar gefa góða mynd af stöðunni.



Starfsánægja mældist 7,7 stig sem er hækkun um 0,5 frá fyrstu könnun. Það er mjög ánægjulegt og staðfestir að við erum að ná árangri í þeim verkefnum sem við höfum unnið að. Við erum nú jöfn meðaltali annarra heilbrigðisstofnana í Moodup, sem er frábær árangur!

Frekari niðurstöður má finna á innri vef.

Við vonumst til enn frekari þátttöku í næstu mælingu í janúar og hvetjum alla til að taka þátt.


Jafnlaunavottun

Í lok nóvember var framkvæmd viðhalds-úttekt á jafnlaunakerfi SAK sem staðist var með þryði og er SAK því komið með áframhaldandi vottun næstu þrjú árin. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Niðurstaða launagreiningarinnar sem lá til grundvallar vottuninni sýnir fram á að SAK er verulega innan markmiða hvað varðar launamun kynjanna.



Starfsfólk sem á eftir að sækja um heilsustyrk fyrir árið 2025 er hvatt til að gera það í síðasta lagi 12. desember

Fjölmenni í heimsókn á dag- og göngudeild geðdeildar



„Það kom ánægjulega á óvart hversu margir gestir komu í heimsókn til okkar af þessu tilefni. Nýja TMS-tækið okkar vakti skiljanlega mikinn áhuga, enda getur það haft gríðarlega jákvæð áhrif í meðferð við alvarlegu þunglyndi.

Geðræktarhundurinn okkar Atlas vakti líka lukku meðal gesta og ófáir gáfu sér tíma til að leika örlítið við hann.

Þá gáfust okkur líka góð tækifæri til samtals um hlutverk okkar og starfsemi og er það ákaflega verðmætt að finna þann ríka stuðning sem við fáum við okkar hlutverk víða í samfélaginu.“ Segir Gestur Guðrúnarson, deildarstjóri dag- og göngudeildar geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri.

Höfðingleg gjöf frá kvenfélaginu Baldursbrá



Kvenfélagið Baldursbrá á Akureyri gaf lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri höfðinglega gjöf sem kom til með að nýtast aðstandendum í líknarrýmum. Gjöfin samanstóð af ferðarúmi fyrir aðstandendur og tveimur yfirdýnum á rúmið, tveimur standlömpum, tveimur settum af rúmfötum og tveimur saltlömpum.

Sjúkrahúsið á Akureyri þakkar Kvenfélaginu Baldursbrá innilega fyrir þessa fallegu gjöf.

Nýrnahjúkrunarfræðingur með móttöku

Jóhanna María Oddsdóttir nýrnahjúkrunarfræðingur sem starfar á Gjörgæslu- og blóðskilunardeild SAK er nú með móttöku fyrir nýrnasjúklinga annan hvern miðvikudag í oddatölu viku.



Í byrjun eru þetta einstaklingar sem tilheyra skilunar- og forskilunarhópum og er vinnan unnin í nánu samstarfi við nýrnalækna Landspítala og aðra sérfræðinga lyflækningadeildar SAK. Nýrnalæknar frá LSH koma á SAK á um það bil þriggja mánaða fresti og sinna einstaklingum með nýrnasjúkdóma á stigi 4.-5. og sjúklingum í blóðskilun.

Hægt er að hafa samband við heilbrigðisgagnafræðinga L-deildar eða Jóhönnu ef þörf er á skilaboðum til móttökunnar.

Við erum virkilega ánægð með þessa viðbót við þjónustu nýrnasjúklinga.

Finndu jafnvægið fyrir norðan

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) hefur hrundið af stað nýrri kynningarherferð undir yfirskriftinni Finndu jafnvægið fyrir norðan sem miðar að því að vekja athygli á fjölbreyttum og spennandi atvinnutækifærum lækna á SAK



**Finndu jafnvægið
fyrir norðan**

„Fólkið hér hefur tekið ótrúlega vel á móti okkur fjölskyldunni, bæði heimamenn og það öfluga samfélag útlendinga sem vinnur hér á SAK.“

Danielle Courtney Sheperd
sérfræðingur í barnlækningum við SAK

SAK SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Í herferðinni er sjónum sérstaklega beint að jafnvægi vinnu og einkalífs, sterkri liðsheild og þeim lífsgæðum sem Akureyri býður upp á. Í tengslum við herferðina hafa verið tekin viðtöl við starfandi lækna á SAK þar sem þeir deila upplifun sinni af vinnunni, samheldni starfsfólks, áskorunum og tækifærum í starfinu og lýsa því hvers vegna Akureyri sé kjörinn staður til að starfa sem læknir. Viðtölin verða birt á vefsíðu SAK og deilt reglulega á samfélagsmiðlum næstu vikur. „Við viljum sýna fram á hversu öflugur starfsvettvangur SAK er fyrir lækna og hversu miklu máli það skiptir að finna jafnvægi milli krefjandi starfs og lífsgæða utan vinnu,“ segir Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga.

Samhliða birtingu viðtalanna hafa verið í birtingu auglýsingar á samfélagsmiðlum þar sem áhersla er lögð á einstakt starfsumhverfi SAK og öll lífsins gæði á Akureyri.

Í október heimsótti á vegum heilbrigðisráðherra íslenska lækna á Norðurlöndum. Hópurinn kynnti starfsaðstæður lækna á Ísland, einkum í ljósi nýs kjarasamnings og jafnframt í víðara samhengi. Fulltrúi frá SAK fer með hópnum og mun hann kynna þeim spennandi starfsumhverfi SAK og þá styrku samfélagslegu innviði sem Akureyri býður upp á.

Með herferðinni vill SAK styrkja stöðu sína sem eftirsóknarverður vinnustaður fyrir lækna og hvetja fagfólk til að finna jafnvægið fyrir norðan.

Sjá nánar hér: [Finndu jafnvægið fyrir norðan](#) | [Sjúkrahúsið á Akureyri](#)


Nánari upplýsingar veita:

Ragnheiður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga, ragnhh@sak.is

Kristjana Kristjánsdóttir, deildarstjóri mannauðsdeildar, kristjanak@sak.is

Evrópskt áverkanámskeið (ETC) haldið í fyrsta sinn á Íslandi á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Í vikunni fór fram evrópskt áverkanámskeið (e. European Trauma Course/ETC). Endurlífgunarráð Íslands (EÍ) stendur fyrir innleiðingu slíkra námskeiða á Íslandi og var fyrsta námskeið landsins haldið á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Markmið námskeiðsins er að veita þjálfun í samhæfðri móttöku og meðhöndlun alvarlegra slasaðra áverka sjúklinga, þar sem megináhersla er á teymisvinnu, samskipti, stjórnun og ákvarðanatöku. Auk æfinga í klínískum inngrípum er 85% námskeiðsins byggt á verklegum tilfellaæfingum. Skipuleggjendur bæði frá ETC, EÍ og SAK voru hestánægðir í lok námskeiðsins.



“Höfum beðið eftir því að fá þetta námskeið til Íslands”

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, fræðslustjóri SAK og verkefnastjóri EÍ, segir aðdraganda að innleiðingu námskeiðsins hafa verið langan. “Námskeiðið er staðlað og hefur EÍ fyrir hönd Íslands verið í biðröð með öðrum löndum síðan 2021 eftir að fá þetta námskeið til landsins. Forgangsöröðun ETC hópsins byggir m.a. á því hvernig innviðir eru fyrir hendi á hverjum stað. Þar skipti miklu máli að EÍ hefur áður innleitt námskeið í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna, barna og nýbura með góðum árangri og nú var loksins komið að þessu.”

Tólf lækmar og tíu hjúkrunarfræðingar tóku þátt í námskeiðinu en kennararnir voru níu talsins, sjö erlendir og tveir íslenskir leiðbeinendur í þjálfun. Markmiðið er að Ísland verði einn daginn sjálfbært með að halda slík námskeið í framtíðinni en það getur tekið nokkur ár. Þess má geta að allir kennarar sinna kennslunni launalaust, þó svo að greitt sé fyrir útlagðan kostnað.

„Algjört draumanámskeið“ á Akureyri

Ferenc Sari, gjörgæslulæknir í Norður-Svíþjóð og stjórnandi námskeiðsins, segir undirbúninginn hafa verið umfangsmikinn og krefjandi. „Undirbúningurinn verður að vera góður, enda þarf margt að smella saman til þess að námskeiðið skili tilætluðum árangri.“ Hann bætir því við að það séu fleiri gerðir áverkanámskeiða haldin á Íslandi en sérstaða Evrópska áverkanámskeiðsins (ETC) sé að það sé ætlað fagfólki með að lágmarki 2-3 ára reynslu í bráðapjónustu. Það sé ætlað fólki sem sé líklegt til að leiða teymi, bæði lækmar og hjúkrunarfræðingar. „Við viljum vera gagnleg viðbót sem skiptir máli við önnur áverkanámskeið sem þegar eru í boði,“ segir hann og bætir við að teymisvinna gegni lykilhlutverki á námskeiðinu „Samskipti og sameiginlegur skilningur í teyminu eru lykilatriði í áverkameðferð. Það er það sem við leggjum mesta áherslu á.“

Ferenc lýsir dvöl sinni á Akureyri sem einstakri: „Starfsfólkið hér er hreinlega stórkostlegt og hermisetrið frábært. Þetta var hreinlega draumanámskeið – þátttakendur voru með mikla þekkingu og vel undirbúið og það var ekki síður mikilvægt að starfsfólk í stoðþjónustunni er framúrskarandi, ekki síst þau Jón G. Knutsen, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir og þeirra teymi.“

Evrópskt áverkanámskeið (ETC) (frh.)

Svínaríf og plasmapokar

Jón G. Knutsen, sem kom að tæknilegum undirbúningi námskeiðsins, segir að umfangið hafi verið mun meira en á hefðbundnum endurlífgunarnámskeiðum eða hermikennslu. „Hér þurfti búnað fyrir allt sem tengist áverkum – spelkur, stuðningstæki, búnað til að barkaþræða, mjaðmagrindarspelkur, blóð- og plasmapoka – og jafnvel svínaríf til að æfa brjóstholsinngrip,“ segir hann og kímir. „Þetta er krefjandi námskeið og ótrúlega flott reynsla sem krefst bæði skipulags og sköpunargáfu. Það var mikil hugmyndaauðgi í undirbúningnum auk þess sem ýmislegt var leyst á staðnum, við bjuggum m.a. til gervi CT-skanna til að gera æfingarnar sem raunverulegastar og létum 3D prenta barka til að æfa barkaskurð.“



Listin að vinna saman – líka þegar allir eru ósammála

Að sögn Hrafnhildar Lilju snérist námskeiðið miklu meira á því að leysa áverkatilfelli sem teymi heldur en kennslu í klínískri færni þó að vissulega sé hún æfð líka. Samskipti og samvinna séu það sem skiptir máli þegar á reynir. „Sett var til dæmis upp tilfelli þar sem teymið þarf að leysa verkefni þegar stjórnandi teymislæknir átti að hafa eina skoðun, skurðlæknirinn aðra, svæfingarlæknirinn var ósammála þeim báðum – og þegar þau höfðu náð samkomulagi um forgangsroðun inngripa bættist við annað álit sjúkraflugslæknis og svo enn eitt frá móttakandi lækni á LSH.“ Og bætir við: „Það eru margar leiðir að sama markmiðinu og þarna þarf teymið að hafa sömu sýn og taka ákvörðun um hvað best sé að gera.“ Hún segir. „Þetta eru einmitt aðstæður sem við þurfum að æfa okkur í, það er ekki nægilegt að hafa klíníska færni til þess að gera hlutina, hana skortir yfirleitt ekki en ef vel á að ganga verða allir í teyminu að hafa sameiginlega sýn á hvernig best er að vinna hlutina. Það er það sem er svo flott við þetta námskeið, áverkateymið fékk tækifæri til að æfa sig í stöðugt meira krefjandi aðstæðum sem ekki byggðu aðeins á klínískum inngrípum í takt við ástand sjúklings heldur ekki síður á samvinnu áverkateymisins. Eftir hverja einustu æfingu er síðan sést niður og ígrundað hvernig gekk svo gera meggi enn betur.“ „Ég er hæstánægð með hvernig tókst til, hversu vel þátttakendur stóðu sig og hversu rosalega ánægðir erlendu kennararnir voru með okkur og hermisetrið á SAK,“ segir Hrafnhildur Lilja að lokum.



Öldrunarteymi á lyflækningadeild SAK

Unnið er að því að efla öldrunarlækningar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) í takt við breyttar þarfir samfélagsins. Ljóst er að öldruðum einstaklingum fjölga ört og hefur stundum verið talað um „silfurstorminn“ í því samhengi.



Þriggja mánaða tilraunaverkefni

Þann 6. október hófst þriggja mánaða tilraunaverkefni þar sem sérfræðilæknar innan öldrunarlækninga sinna tíu sjúklingum á lyflækningadeild SAK. Um er að ræða bæði aldraða einstaklinga og sjúklinga í líknar- eða lífslokameðferð. Markmið teymisins er að leggja meiri áherslu á heildrænt öldrunarmat fyrir eldri einstaklinga. Fyrir þá sjúklinga sem eru í líknar- eða lífslokameðferð þá er talsverð reynsla innan teymisins varðandi slíka meðferð og leggjum við áherslu á góða einkennastillingu og stuðning við sjúklinga og aðstandendur þeirra.

„Spennandi tímar framundan innan öldrunarlækninga á SAK“

„Það er mjög ánægjulegt að við getum bætt við okkur verkefnum og orðið sýnilegri inni á lyflækningadeildinni. Fyrsti mánuðurinn hefur gengið vonum framár og það eru spennandi tímar framundan innan öldrunarlækninga á SAK,“ segir Valgerður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum.

Dásamleg gjöf kvenfélagasambands Íslands

Kvenfélagasamband Íslands færði Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk) gjöf til allra kvenna. Um ræðir tæknilausn sem gerir miðlæga vistun fósturhjartsláttarrita mögulega og eykur öryggi þar sem gögn eru rafræn, vistuð með öruggum hætti og hægt að meta þau hvenær sem er, í rauntíma eða á milli skoðana, auk þess sem gögnin fylgja rafrænni meðgönguskrá konunnar.



Höfðingleg gjöf afhent! Ingibjörg Jónsdóttir, yfirljósmóðir á Sjúkrahúsinu á Akureyri, til vinstri, og Friðrika Baldvinsdóttir, formaður Kvenfélagasambands Suður-Þíngeyinga. Myndir: Skapti Hallgrímsson. Akureyri.net



Kvenfélagskonur frá svæðunum austan og vestan Akureyrar, frá Norður-Þíngeyjarsýslu til Skagafjarðar, sem viðstaddar voru afbendingu gjafarinnar í dag, ásamt yfirljósmóður Sjúkrahússins á Akureyri. Frá vinstri: Friðrika Baldvinsdóttir, formaður Kvenfélagasambands Suður-Þíngeyinga, Hrafnbildur Geirsdóttir, Hrönn Arnheiður Björnsdóttir, Birgit Schou, Sigrún Rósa Villjálmsdóttir, Oddný Ingibjörg Jósepsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sigrún Jónsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, yfirljósmóðir á SAk. Mynd: Akureyri.net

Söfnuðu 30 m.kr.

Efnt var til söfnunar í tengslum við 90 ára afmæli Kvenfélagasambands Íslands árið 2020 og söfnuðust um 30 milljónir króna. „Ákveðið var að nota þær til kaupa á tækjakosti og hugbúnaði (Milou) honum tengdum, sem stuðlar að bættri heilsuvernd kvenna um land allt,“ segir í tilkynningu frá Kvenfélagasambandinu.

Hugbúnaðurinn verður settur upp á sjö fæðingarstöðum á landinu sem gerir þeim stöðum sem þegar eru tækjum búnir möguleika á að vista miðlæg sjúkraskrárgögn sem tengjast fósturhjartsláttarritum og sónarniðurstöðum. „Einn af stóru kostunum við hugbúnaðinn er, að þessi tækni getur komið í veg fyrir að senda þurfi konur jafnvel um langan veg til til frekari skoðunar. Niðurstöðurnar eru á rafrænu formi og hægt er að nálgast þær og skoða þær sem meiri sérhæfing er til staðar,“ segir einnig í tilkynningunni.

Hugbúnaður settur upp á sjö fæðingarstöðum á landinu

Hugbúnaðurinn verður settur upp á sjö fæðingarstöðum á landinu sem gerir þeim stöðum sem þegar eru tækjum búnir möguleika á að vista miðlægt sjúkraskrárgögn sem tengjast fósturhjartsláttarritum og sónarniðurstöðum. „Einn af stóru kostunum við hugbúnaðinn er, að þessi tækni getur komið í veg fyrir að senda þurfi konur jafnvel um langan veg til til frekari skoðunar. Niðurstöðurnar eru á rafrænu formi og hægt er að nálgast þær og skoða þær sem meiri sérhæfing er til staðar,“ segir einnig í tilkynningunni.

Kiwanisklúbbar gefa fæðingadeild þráðlausan hjartsláttarmonitor



Á myndinni eru forsetar klúbbanna: Herðubreiðar Mývatnssveit, Kaldbaks Akureyri, Skjaldar Siglufirði, Drangey Sauðárkróki, Öskju Vopnafirði og Skjálfanda á Húsavík. Vantar Forseta Gríms í Grímsey.



Á myndinni eru frá vinstri, ljósmæðurnar: Halla Harðardóttir, Edda Guðrún Kristinsdóttir, Íris Ósk Egilsdóttir, Sólrún Arney Siggeirsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.

Kiwanisklúbbar taka höndum saman

Kiwanisklúbbarnir Herðubreið í Mývatnssveit, Kaldbakur á Akureyri, Skjöldur á Siglufirði, Drangey á Sauðárkróki, Askja á Vopnafirði, Skjálfandi á Húsavík og Grímur í Grímsey, tóku höndum saman og gáfu fæðingardeild Sjúkrahússins á Akureyri þráðlausan hjartsláttarmonitor að gjöf. Saman mynda þessir Kiwanisklúbbar Óðinssvæði, sem flest ár gefa eitthvað sameiginlegt til styrktar börnum á svæðinu. Sjúkrahúsið vill þakka klúbbunum innilega fyrir þeirra fallegu gjöf sem kemur til með að nýtast ákaflega vel.



Engar snúrur sem hindra hreyfingu

„Þráðlaus hjartsláttarmonitor gefur verðandi mæðrum meiri möguleika á að hreyfa sig um í fæðingunni því það eru engar snúrur sem hindra hreyfingu þeirra.

Það er auðveldara fyrir þær að breyta um stellingu, en það getur haft jákvæð áhrif á gang fæðingarinnar. Einnig eru þráðlausu nemarnir vatnsheldir og því er hægt að fylgjast náið með hjartslætti barnsins þegar og ef konan óskar eftir því að vera í baði,” segir Ingibjörg Hanna Jónsdóttir, deildarstjóri fæðingadeildar SAK.

Hollvinir SAK færa lyflækningadeild húsgögn



Mynd frá vinstri: Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stöðþjónustu, Kristín Sigfúsdóttir, ritari stjórnar Hollvína, Hermann Haraldsson, gjaldkeri stjórnar Hollvína, Sólveig Hulda Valgeirsdóttir, deildarstjóri lyflækningadeildar SAK, Jóhannes Bjarnason, formaður stjórnar Hollvína og Jóhann Rúnar Sigurðsson, varaformaður stjórnar Hollvína.

Húsgögn sem koma sér ákaflega vel

Hollvinir Sjúkrahússins á Akureyri hafa fært legudeild Sjúkrahússins á Akureyri stóla og sófa að gjöf. Sjúkrahúsið á Akureyri hefur farið af stað með verkefnið „Hreyfum okkur“ sem miðar að því að bæta aðstæður og hvetja sjúklinga til þess að hreyfa sig innan sjúkrahússins. Hollvinir hafa því fært deildinni stóla, sem hjálpa til við að bæta aðstæður fólks til hreyfingar. Hollvinir færðu legudeild einnig sófa sem gefur starfsfólki kost á því að hvíla lúin bein í amstri dagsins og ekki síður nóttu.



„Hollvinir eru einstakir“

„Hollvinir eru auðvitað einstakir og okkur á Sjúkrahúsinu á Akureyri ákaflega verðmætir. Gjöf líkt og þessi bætir aðstæður okkar og sjúklinga og fyrir það erum við mjög þakklát.“ segir Sólveig Hulda Valgeirsdóttir, deildarstjóri lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri.

Örtíðindi



Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands í heimsókn

Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) heimsótti okkur á SAK á dögunum; "Við fengum frábærar viðtökur og það er gott að finna kraftinn í Norðlendingum" sögðu þær Bjarney Krístrún Haraldsdóttir, fræðslustjóri og Lára María Valgerðardóttir, verkefnastjóri SLFÍ. Þær heimsóttu einnig Hlíð og VMA.

Við þökkum þeim Bjarney og Láru Maríu kærlega fyrir komuna!

Bleikur dagur á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Október er mánuður Bleiku slaufunnar, sem er árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum. Starfsfólk Sjúkrahússins á Akureyri lét sitt ekki eftir liggja á þessum góða degi, eins og meðfylgjandi myndir sýna glögg.



Sjúkrahúspósturinn

Úthlutað úr vísindasjóði SAK 2025

Úthlutun styrkja úr Vísindasjóði SAK fer fram einu sinni á ári. Vísindasjóður styrkir eingöngu rannsóknarverkefni, en ekki gæðaverkefni eða fræðsluverkefni. Vísindaráð SAK hefur umsjón með matsferli styrkhæfra umsókna í umboði Vísindasjóðs. Úthlutað var 8.812.696 kr.



Styrkþegar ásamt forstjóra SAK, Hildigunni Svavarsdóttur

Að þessu sinni var úthlutað samtals **8.812.696** kr. til fjögurra verkefna:

- **Hannes Petersen**

Prevalence of Obstructive Sleep Apnoea (OSA) among 4-9 Years old Children in the General Population.

- **Laufey Hrólfsdóttir**

Tengsl þyngdaraukningar á meðgöngu og heilsu barna seinna meir.

- **Alexander Kr. Smáráson**

Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu, á upptökusvæði HSN á árunum 2020-2022.

- **Þórhalla Sigurðardóttir**

Exploring transformative learning and authenticity in simulation-based learning for nursing students.

Mikil ánægja með kennslu á SAK – viðurkenningar veittar fyrir framúrskarandi klíníska kennslu

Á undanförunum árum hefur kennsla á Sjúkrahúsinu á Akureyri hlotið afar jákvæðar umsagnir frá nemendum. Nemendur lýsa hvetjandi og lærdómsríku umhverfi þar sem fjölbreytt námstækifæri eru í boði.



Árlega eru veittar viðurkenningar fyrir klíníska kennslu á SAK en niðurstöðurnar byggja á könnunum sem mennta- og vísindadeild sendir nemendum að loknu verknámi á sjúkrahúsinu. „Það er okkur á mennta- og vísindadeild mikil ánægja að sjá hversu vel nemendur tala um kennsluna hér á sjúkrahúsinu. Þetta er vitnisburður um það mikla og metnaðarfulla starf sem starfsfólk sjúkrahússins leggur í að leiðbeina og styðja framtíðarheilbrigðisstarfsfólk,“ segir Laufey Hrólfsdóttir, deildarstjóri mennta- og vísindadeildar SAK.

Í ár hlutu tvær deildir sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi klíníska kennslu:

- Lyflækningadeild – fyrir kennslu hjúkrunarnema
- Svæfinga- og gjörgæsludeild – fyrir kennslu læknanema og unglækna

Auk þess voru veittar einstaklingsviðurkenningar til starfsfólks sem hefur skarað fram úr í klínískri kennslu:

- **Gunnar Þór Gunnarsson**, hjartalæknir og dósent við læknadeild HÍ – fyrir framúrskarandi kennslu læknanema
- **María Ásgeirsdóttir**, svæfingarhjúkrunarfræðingur – fyrir framúrskarandi kennslu hjúkrunarnema
- **Oddný Jóhanna Zoponíasdóttir**, sjúkraliði á skurðlækningadeild – fyrir framúrskarandi kennslu sjúkraliðanema

Mennta- og vísindadeildin vill koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem leggja sig fram við kennslu og stuðning við nemendur – bæði þeirra sem kenna formlega og annarra sem taka þátt í móttöku og leiðsögn. Þessi samvinna skiptir sköpum fyrir gæði klínískrar kennslu og jákvæða upplifun nemenda.

Kaupmannasamtök Íslands færa SAK rausnarlega gjöf

Kaupmannasamtök Íslands hafa gefið Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) rafstillanlegan göngustiga að andvirði 2,5 m.kr. Stiginn er staðsettur við skurðeild í aðalbyggingu SAK.



„Himinsæl og innilega þakklát.“

Kristín Margrét Gylfadóttir, þjónustustjóri endurhæfingar- og öldrunarlækningaþjónustu, segir um 1360 beiðnir berist sjúkrahjálfurum á bráðadeildum á ári og að þar séu veittar 6500 meðferðir. „Það verða því án efa fjölmargir sem geta nýtt sér þessa verðmætu gjöf.“ Segir Kristín. Ragnhildur Jónsdóttir, yfirsjúkrahjálfari, segir æfingastigann dýrmæta gjöf. „Göngustiginn hjálpar okkur að hjálpa fleirum, með mun öruggari hætti en áður. Það er mikilvægt að sjúklingar fái t.a.m. eftir aðgerð tækifæri til að æfa stiga að fara upp og niður stiga. Það getur reynst erfitt í hefðbundnum stiga, en með þessum æfingastiga er t.a.m. hægt að hafa þrepin mishá og þannig nýtist hann vel til æfinga og aðlögunar. Við erum himinsæl og innilega þakklát fyrir þessa óvæntu og gleðilegu gjöf.“ segir Ragnhildur.



„Frábært að geta stutt við Sjúkrahúsið á Akureyri.“

Ragnar Sverrisson, fulltrúi Kaupmannasamtaka Íslands, klippti á borða á æfingastiganum og þar með var hann formlega tekinn í notkun. „Það er auðvitað alveg frábært að geta stutt við starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri með þessum hætti, þá sér í lagi þar sem augljóst er að gjöfin mun nýtast vel.“ Segir Ragnar. Hjónin Kristján Árnason og Sigríður Þórhallsdóttir, eigendur fyrirtækisins Marco, sem rekur styrking.is, sem selur göngustigann, mættu norður til að vera viðstödd afhendinguna. Líkt og aðrir viðstaddir voru þau hæst ánægð með að gjöfin væri komin í notkun.



Hollvinir færa SAK nýja gipssög



Þórgunnur Birgisdóttir, deildarstjóri dag- og göngudeildar skurðlækninga, Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu, Jóhannes Bjarnason, formaður Hollvina og Eydís Unnur Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild skurðlækninga.

Hollvinir Sjúkrahússins á Akureyri hafa fært dag- og göngudeild skurðlækna nýja gipssög. Sögin sem var fyrir var komin vel til ára sinna og var bæði hávær og óþjál í notkun. Gipssagir eru sérhannaðar til að saga eingöngu gifs án þess að særa húð. Nýja sögin er mun léttari, hljóðlátari og þjálar í notkun en sú gamla og léttir því störf hjúkrunarfræðinga á deildinni og gerir vonandi upplifun þjónustuþega deildarinnar af gipstöku betri. Við erum Hollvinum ákaflega þakklát fyrir að hafa veitt okkur þessa rausnarlegu gjöf.“ segja Þórgunnur Birgisdóttir, deildarstjóri dag- og göngudeildar skurðlækninga, og Eydís Unnur Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild skurðlækninga.

Hvetjum fólk til að gerast hollvinir

„Það er alltaf jafn gleðilegt að geta fært deildum sjúkrahússins tækjabúnað sem bætir þjónustu við sjúklinga og starfsaðstæður starfsfólks“ segir Jóhannes Bjarnason, formaður Hollvina og bætir við „Við þurfum á því að halda að starfsemi Hollvina eflist og að Hollvinir greiði þá greiðsluseðla sem berast í heimabanka, enda er það þannig sem við getum haldið áfram að veita gjafir sem þessar.“

Framlag Hollvina skiptir SAK sköpum

Það er áhugavert að hafa það í huga að á síðasta ári afhentu Hollvinir Sjúkrahúsinu á Akureyri gjafir að verðmæti 62 m.kr. en fjárfestingaheimild SAK á fjárlögum á því ári var 200,6 m.kr. Gjafir Hollvina námu því um 31% af framlagi ríkisins til fjárfestinga árið 2024. „Framlag Hollvina skiptir SAK einfaldlega sköpum, sem og framlag annarra aðila í samfélaginu til sjúkrahússins. Það er hreinlega óhugsandi að sjá fyrir sér stöðu tækjabúnaðar á sjúkrahúsinu ef ekki kæmi til gjafa frá utanaðkomandi aðilum.“ segir Konráð Gylfason, framkvæmdastjóri rekstrar og klínískrar stoðþjónustu.



Dagur sjúkrahússins

Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) ásamt starfsfólki sjúkrahússins standa fyrir hátíð á Glerártorgi

Laugardaginn 6. desember kl: 13-15.

- Starfsfólk SAk býður upp á mælingu á blóðþrýstingi, súrefnismettun og púlsi.
- Félagsmenn í hollvinasamtökunum kynna starfsemi sína og skrá nýja félaga.



Bangsa- og dúkkuhorn

Smáfólkinu býðst að koma með bangsa eða dúkkur í læknisskoðun.



Mætum og gerumst Hollvinir



Hollvinasamtök
SAk



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL



Desember 2025 TBL.05

Sjúkrahúspósturinn er gefinn út af Sjúkrahúsinu á Akureyri
Ritstjóri: Hilda Jana Gísladóttir, samskiptastjóri SAk
Netfang: hildajana@sak.is

Fylgstu með okkur:



Heimasíða SAk



SAk á Facebook



SAk á Instagram